

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbúegg ehf. Vatnsleysuströnd, 190 Vogar



Dags eftirlits	22.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	7112032140	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett voru fram fimm frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi og þrjár ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvanareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Nesbúegg á Vatnsleysuströnd.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirlandi Suðurnesja þann 6. maí 2013 sem gildir til 6. maí 2025.

Um er að ræða bú til framleiðslu á eggjum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 65.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Kynning á heimild til álagningu stjórnvaldssektar
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Gjaldskrá
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Kvartanir
- Umfang starfseminnar
- Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis
- Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft
- Eftirlit og innra eftirlit (10. kafli í starfsleyfi)
- Áhættumat
- Vettvangsferð
- Annað

1. Engin útstandandi frávik eru frá fyrri eftirlitum en ein útstandandi ábending er varðar merkingar íláta undir áhættuvefi (dauðfugl) og koma upplýsingum um flutning og förgun áhættuvefja til verktaka sem vinna við tæmingu geymslugáma á búinu.

Miði þar sem fram kemur að í gáminum sé að finna áhættuvef hefur verið settur á gáminn þó kemur þar ekki fram hvaða flokk (cat 1, cat 2 eða cat 3) úrgangurinn tilheyrir, því stendur ábendingin enn.

2. Tillögur að áætlun vegna rekstrarstöðvunar voru sendar rekstraraðila fyrir eftirlitið. Rekstraraðili hefur búið til eigin áætlun.

3. Upplýsingar um heimild stofnunarinnar til álagningar stjórnvaldssektar var send til rekstraraðila fyrir eftirlitið og kynnt í eftirlitinu.

4. Upplýsingar um breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og einnig kynntar í eftirlitinu.

5. Upplýsingar um gagnagrunn stofnunarinnar um mengaðan jarðveg voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið. Í eftirlitinu var rætt um gagnagrunninn en engin mengunaróhöpp hafa komið upp og reksturinn því ekki færður inn í gagnagrunninn.

6. Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og voru kynntar í eftirlitinu.

7. Grænt bókhald fyrir árið 2021 barst stofnuninni þann 23. júní 2022 og fyrir árið 2022 barst græna bókhaldið þann 20. júní 2023 sem í báðum tilfellum er of seint.

8. Útstreymisbókhald fyrir árið 2021 barst stofnuninni þann 7. júlí 2022 og fyrir árið 2022 barst þann 20. júní 2023 sem í báðum tilfellum er of seint.

9. Engar kvartanir hafa borist til stofnunarinnar eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

10. Samkvæmt starfsleyfi Nesbúeggja er leyfilegur heildarfjöldi fugla 65.000. Þegar eftirlitið fór fram var fjöldi fugla á búinu 57.543 sem er innan leyfilegra marka í starfsleyfinu.

11. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar eða útreikninga á heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefni samkvæmt BAT. Rekstraraðili þarf þar af leiðandi að framkvæma mælingu eða útreikning á heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefni samkvæmt BAT. Farið verður yfir niðurstöður þeirra útreikninga í næsta eftirliti.

12. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar eða útreikninga á heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið samkvæmt BAT. Gerðir eru útreikningar í útstreymisbókhaldi sem skilað er á hverju ári en sú tala hefur reynst margfalt yfir leyfilegum mörkum í BAT. Rekstraraðili þarf þar af leiðandi að framkvæma mælingu eða útreikning á heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið samkvæmt BAT. Farið verður yfir niðurstöður þeirra útreikninga í næsta eftirliti.

13. Í eftirlitinu var farið yfir 10. kafla starfsleyfisins. Skoðað var hvernig haldið er utanum þær upplýsingar sem fram koma í kaflanum. Haldið er utanum framleiðslumagn í innsetningarbókum. Haldið er utanum fóðurnotkun samkvæmt reikningum. Eitt fódursíló er fyrir hvert eldihús. Vatnsnotkun er að hluta til áætluð. Upplýsingar um það hvað fuglinn drekkur er þekkt en vatn sem notað er til þrifa og í annað er áætlað. Haldið er utanum tæmingu á rotþrónni með innkomnum reikningum, en rotþróin er tæmd eftir þörfum á tæplega tveggja ára fresti. Allur áburður sem verður til í rekstrinum fer til þeirra aðila sem eru á dreifingalistanum. Engin lyf eru notuð á búinu og þau spilliefni sem verða til á búinu eru batterý og þerur.

14. Farið var yfir áhættumatið sem stofnunin hefur gert fyrir starfseminu, stofnunin mun síðan í lok ársins uppfæra áhættumatið fyrir árið 2024.

15. Olíutankur er staðsettur við austurvegg búsins um er að ræða einn tvöfaldan plasttank. Samkvæmt starfsleyfi skulu á búinu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Í eftirlitinu var talsvert magn af skit geymt á vagni fyrir utan hauggeymslurnar.

16. Ef nýta á fuglaskít til áburðar skal dreifiaætlun send eigi síðar en 1. mars ár hvert. Áætlunin fyrir 2023 barst stofnuninni þann 20. júní 2023.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Ákvæðum í reglugerð nr 851/2002 um skil á Grænt bókhald fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt grænu bókhaldi. bókhald barst Umhverfisstofnun 23. júní 2022 og er frávíkinu því lokið.

Ákvæðum í reglugerð nr 851/2002 um skil á Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt grænu bókhaldi. bókhald barst Umhverfisstofnun 20. júní 2023 og er frávíkinu því lokið.

Ákvæðum í reglugerð nr 990/2008 um skil á Útstreymisbókhald fyrir 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. útstreymisbókhaldi Útstreymisbókhald barst Umhverfisstofnun 7. júlí 2022 og er því frávíkinu lokið.

Ákvæðum í reglugerð nr 990/2008 um skil á Útstreymisbókhald fyrir 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023.
Útstreymisbókhaldi Útstreymisbókhald barst Umhverfisstofnun 20. júní 2023 og er því frávikin lokið.

grein 5.3 í starfsleyfi

Ef nýta á fuglaskít til áburðar skal búið árlega útbúa áburðaráætlun sem kynna skal fyrir HES eigi síðar en 1. mars ár hvert.
Áætlunin barst Umhverfisstofnun 20. júní 2023 og er frávikin því lokið.

ÁBENDINGAR

Bent er á að rekstraraðili skal skv BAT reikna eða mæla heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis og heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft.

Jafnframt er bent á að gámar með áhættu vef skulu merktir með þeim flokki (cat 1 eða cat 2) sem úrgangurinn tilheyrir.

Einnig er bent á að öll geymsla áburðar skal vera í til þess útbúnum hauggeymslum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.08.2023



Kristín Kröyer

